# Meðlagsúrskurðir 1891-1907

Aðfnr. 3368, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Jeg undirskrifaður amtmaður yfir Suður- og Vesturömtunum,

Gjöri kunnugt: að jeg með þessum úrskurði mínum ákveð hjer með samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi, að húsmaður Guðmundur Guðmundsson á Eiðsstöðum í Reykjavík skuli greiða árlega með móður sinni Solveigu Einarsdóttir, konu Jóns Gestssonar í Litlabæ í Kjós, sem sökum veikinda þessarar konu sinnar hefir þegið og þiggur af sveit, 15 kr. árlega frá 1. júní þ.á. að telja, og greiðist meðlag þetta eptir á fyrir hvert ár, sem liðið er, í fyrsta skipti 1. júní 1898.

Meðlagið má taka lögtaki, samkvæmt lögum 16. decbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. gr. 6.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Suðuramtið, Reykjavík 5. ágúst 1897.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897 mánudaginn hinn 15 nóvemberm. höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðann amtsúrskurð Guðmundi Guðmundssyni persónulega á heimili hans hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1 kr
borgað
B. þls.

J. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson

# Amtmaðurinn

**yfir**

# Suður- og Vesturömtunum

KUNNGJÖRIR: að með því ______________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________ eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað

fyrir faðerni barnsins ______________________________

sem er óskilgetin ______________________________

______________________________________________

og fædd ______________________ úrskurðast hérmeð, að nefndur

______________________________ greiði með barni

þessu frá ______________ og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri

________ (______________________) krónur árlega, sem skulu goldnar

______________________________________________

______________________________________________

Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og ________ (______________________)

krónur ________ aur., eigi síðar en ______________ næstkomandi

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið bréf 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar 1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta fyrnefndum ________

______________________________ ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtanna, Reykjavík* ____________________

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fostud. Sl. 9

Lo. 23.

# Skírnarseðill.

| *Fæðingardagur og ár* | *Barnsins fulla nafn* | *Skírnardagur* | *Foreldra nöfn, stétt og heimili* |
|---|---|---|---|
| 10. des. 1904 | Axel | 1. jan. 1905 | Móðirin Sesselja Magnúsdóttir, ógift vinnukona í Vesturg. 15, lýsir föður Sveinbjörn Sæmundsson, ógiftan í Sæmundarhlíð. |

*Að þetta sé samhljóða ministerialbókum* Reykjavíkur prestakalls *vottar*

Reykjavík, 12. febr. 1905

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í lögreglurjetti Reykjavíkur 17/12 1905

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skírnarseðill.

| Fæðingardagur og ár | Barnsins fulla nafn | Skírnardagur | Foreldra nöfn, stétt og heimili |
|---|---|---|---|
| 8. des. 1905. | Hallfríður Jóna | 27. des. 1905. | Móðirin Oddfríður Ottadóttir, ógift í dvöl í Bergstaðastræti 44, lýsir föður Þórð Magnússon, bókbindara Ingólfsstræti 7. – |

*Að þetta sé samhljóða ministerialbókum* Reykjavíkur prestakalls *vottar*

Reykjavík, 29. des. 1905

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur. –

Lagt fram í lögregluréttinum Reykjavíkur 30/12 1905
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinbjörn Sæmundsson, fæddur í Reykjavík 22. júní 1884 og sveitlægur þar,

40 Kr. 1/2 10/6 - 1/2 10/12

barnsf. Kostn. 6 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður amtmaður yfir
Suður- og Vesturömtunum
Gjöri kunnugt: að ég hérmeð ákveð að meðteknum tillögum bæjarfógetans í Reykjavík, að verzlunarmaður Árni Einarsson hér í bænum skuli frá 1. þ. m. greiða árlega til bæjarins 48 – fjörutíu og átta – krónur, með foreldrum sínum Einari Eiríkssyni og Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, sem þiggja af fátækra-sjóði, og skal upphæð þessi galdin mánaðarlega með 4 krónum á mánuði eftir á, og í fyrsta skifti 30. þ. m.

Meðlagið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885. um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Suðuramtið, Reykjavík, 28. nóv. 1899.

J. Havsteen.

Ár 1899 föstudaginn 1. desember mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt ofanritaðann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

amtsúrskurð verzlunarmanni Árna Einarssyni
persónulega á heimili hans hér: Conum
þettað vottum við samkvæmt stefnuvotta
eiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum

J. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson





© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður amtmaður yfir
Suður- og Vesturamtinu

Gjöri kunnugt: að eg hérmeð ákveð, að með tilteknum tillögum bæjarfógetans í Reykjavík, að tómthúsmaður Guðmundur Einarsson hér í bænum skuli frá 1. þ. m. greiða árlega til bæjarins 60 (sextíu) krónum með foreldrum sínum Einari Eiríkssyni og Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, sem þiggja af fátækrasjóði; og skal upphæð þessi goldin mánaðarlega með 5 kr. á mánuði eftir á og í fyrsta skipti 30. þ. m.

Meðlagið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Suðuramtið, Reykjavík, 28. nóv. 1899.

J. Havsteen.

Ár 1899 laugardaginn 1. desember mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt ofanritaðan amtsúrskurð Sigríði Einarsdóttir konu Guðmundar Einarssonar sem við ekki fundum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heima, persónulega á heimili hans hér, í bænum
Þettað vottum við samkvæmt stefnuvotta eiði
okkar með nöfnum okkar og innsiglum

J. Björnsson  Þorsteinn Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður amtmaður
yfir Suður- og Vesturamtinu

Gjöri kunnugt: að jeg ákveð hjermeð eptir beiðni bakara Árna Erlendssonar hjer í bænum, sem ætlar í sumar að flytja sig til Ameríku, að hann skuli frá 1. júlí þ.á. greiða 50 (fimmtíu) krónur árlega til fátækranefndarinnar í Reykjavík með tengdamóður sinni, Sigríði Jónsdóttur, á meðan hann lifir í hjónabandi með núverandi konu sinni, sem er dóttir Sigríðar, og skal meðlag þetta goldið um næstu 3 ár með hliðsjón af lögum 7. febr. 1890, um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu, þó vitanlega með því skilyrði, sem nefnt er að framan, og greiðist 1. júlí ár hvert eptirá, þó þannig, að trygging verði sett fyrir greiðslunni.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Suður- og Vesturamtið, Reykjavík hinn 11. maí 1900.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu

Gjöri kunnugt: að eg hérmeð ákveð eftir beiðni fátækranefndarinnar í Reykjavík, að skipstjóri Sigurður Jónsson í Reykjavík skuli frá 1. des. næstkomandi greiða árlega til Reykjavíkur fátækrasjóðs 36 (þrjátíu og sex) krónur með tengdaforeldrum sínum Einari Eiríkssyni og Sigurbjörgu Guðmundsdóttur í Reykjavík á meðan hann lifir í hjónabandi með dóttur þeirra Halldóru, og skal upphæð þessi greiðast mánaðarlega með 3 kr. eftir á og í fyrsta skifti 31. des. næstkomandi.

Meðlagið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Með þessum úrskurði er numinn úr gildi úrskurður minn, dags. 20. des. 1898, um meðlagsskyldu nefnds Sigurðar Jónssonar með tengdaforeldrum sínum.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli

Suðuramtsins. Reykjavík 10. sept. 1900.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að 1900 fimmtudaginn 13 september mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnu-vottar í Reykjavík birt framanritaðan amtsúrskurð konunni Halldóru Einarsdóttir persónulega á heimili manns hennar Sigurðar Jónssonar sem við ekki fundum heima, þetta vottum við samkvæmt stefnu-vottar eiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum

J Björnsson Þorsteinn Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður amtmaður yfir Suður og Vesturamtinu gjöri kunnugt: að eg eptir beiðni fátækranefndarinnar í Reykjavík og samkvæmt Kgs. bréfunum 1. júlí 1796, 11. maí 1798 og lögum 16. des. 1885. um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. 1. gr. 6. ákveð hérmeð, að tómthúsmaður Sigurður Hansson í Reykjavík, sem hefir yfirgefið konu sína og skyldulið, skuli greiða árlega 250 (tvöhundruð og fimmtíu) krónur frá 1. nóvember f. á. að telja, með konu sinni Þórhildi Gísladóttur henni og börnum þeirra til framfærslu.

Meðlagið, sem má taka lögtaki, skal greiða tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvbr. ár hvert, fyrir hvert misseri 125 krónur, og í fyrsta skipti 1. maí þ. á.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Suðuramtið, Reykjavík 11. júní 1901.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901 föstudaginn hinn 20 septembermánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framan-ritaðann amtsúrskurð Sigurði Hanssyni og húsbónda hans Finnboga Árnasyni báðum persónulega á heimili þeirra hjer í bænum. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta-eiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Sig Pétursson.

J Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

it
nan-
ss
ra
ta-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr dómsmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Ár 1907, föstudaginn 28. júní var lögreglurjettur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu settur í þinghúsinu í Ólafsvík og haldinn af hinum reglulega dómara settum sýslumanni G. Eggerz með rjettarvottunum Jóni hreppstjóra Jónssyni og Jóni Ásgeirssyni.

Dómarinn lagði fram í rjettinum brjef dags. 31. f. m. frá bæjarfógetanum í Reykjavík þar sem hann fer fram á meðal annars, samkvæmt beiðni Guðríðar Ásgrímsdóttur í Reykjavík að Claus Hansen bakari í Ólafsvík sje krafinn um yfirlýsingu um það, hvort hann vilji gangast við faðerni að stúlkubarni því, er nefnd stúlka ól 5. f. m. og hlaut barnið í skírninni nafnið Clara Hansen.

Ennfremur var fram lagt í rjettinum fæðingarvottorð barnsins dags. 27. f. m., og vottorð dags. 31. f. m. frá hlutaðeigandi ljósmóður Sesselju Ólafsdóttur, um að barnið hafi vantað að minsta kosti 4-5 vikur til þess að vera fullburða þegar það fæddist.

Mætti í rjettinum Claus Hansen bakari í Ólafsvík 23. ára. Hann var áminntur um sann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-sögli. Hin áminnstu skjöl, er áteiknast sem Nr 1-3 voru lesinn upp fyrir Hansen. Hansen kannast við að hafa haft samræði við nefnda Guðríði Ásgrímsdóttir, um eða eptir miðjan Ágúst f. á. og seinna eptir 25. October s. á.

Þrátt fyrir þetta vill Hansen ekki með nokkrum móti kannast við, að hann sje faðir að barni því er Guðríður ól 5. f. m. og færir sem ástæðu, að hann álíti að Guðríður muni geta hafa haft samræði við aðra menn um sama leyti og hann.

Hinsvegar vill Hansen ekki neita því, að barn það er Guðríður ól 5. f. m. geti verið hans.

Loks biður Hansen bókað, „að hann mótmæli því, að barnið að honum forspurðum hafi verið skýrt eptir nafni hans."

Hansen fer nú fram á, að honum verði veittur frestur til 1. Ág. næstkomandi, til þess að færa sönnur á, hverja menn Guðríður hafi haft samræði við á sama tíma eða um sama leyti og hann.

Dómarinn tilkynnti nú Hansen að málið yrði tekið fyrir aptur einhverntíma eptir 1. Ág. eptir nánari tilkynningu dómarans.

Þessu var Hansen samþykkur.

Uppl. staðfi.
Rjetti slitið.
G. Eggerz
settur

Claus Hansen

Jón Jónsson Jón Ásgeirsson

Rjetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskriftin staðfestir
G. Eggerz
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur